



Kópavogsbær

Aðgerðaáætlun gegn ofbeldi 2024 - 2026

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Á árinu 2023 vann starfshópur á vegum menntasviðs Kópavogsbæjar aðgerðaáætlun gegn ofbeldi í samstarfi við skólasamfélagið. Tilgangur aðgerðaáætlunar er að fylgja eftir ráðgjöf, stuðningi, fræðslu og verkefnum í því forvarnarskyni að vinna gegn ofbeldi í stofnunum menntasviðs.

Aðgerð 1

Samráðsvettvangur

Samstarfshópur með fulltrúum skóla, félagsmiðstöðva, velferðarsviðs, lögreglu, foreldra, Molans miðstöð ungs fólks og framhaldsskóla. Samstarfshópurinn starfar að því að efla þekkingu þessara aðila á ofbeldisforvörnum og miðla upplýsingum um stöðu mála í hverfum bæjarins og á höfuðborgarsvæðinu.

- Markmið;
 - Að auka upplýsingagjöf og stuðla að góðum forvörnum fyrir börn og ungmenni, til að fyrirbyggja neikvæða hópamyndun og óæskilega hegðun.
 - Að stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi í stofnunum menntasviðs.
- Ábyrgð; Menntasvið Kópavogsbæjar.
- Tímarammi/staða; Hópurinn hittist cirka 1x í mánuði.

Aðgerð 2

Ráðgjöf og stuðningur

Starfsmaður í barnavernd, fulltrúi skólaþjónustu menntasviðs og fulltrúi Samfélagslöggu geta veitt ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks skóla- og frístundaþjónustu og nemenda. Starfsmaður í barnavernd og lögregla geta farið saman í heimsókn og fylgt málum eftir saman þar sem það á við.

- Markmið;
 - Að veita stuðning og ráðgjöf til stjórnenda, starfsfólks, foreldra og nemenda til að tryggja öryggi barna og starfsmanna þegar og þar sem grunur er um ofbeldi.
- Ábyrgð; Velferðarsvið, menntasvið og lögregla.
- Tímarammi/staða; Viðvarandi.

Aðgerð 3

Fræðsla

Veita starfsfólki í stofnunum menntasviðs, leik- og grunnskólum, frístund/félagsmiðstöðvum og foreldrum fræðslu um birtingarmyndir ofbeldis og fræðslu um þá hópa sem eru í hvað mestri áhættu að verða fyrir ofbeldi s.s. fatlað fólk, hinsegin hópa og innflytjendur.

- Markmið;
 - Að byggja upp þekkingu starfsfólks með áherslu á birtingarmyndir ofbeldis, fjölmenningu og hinsegin málefni.
 - Að bjóða upp á fræðslu til starfsfólks sem eykur hæfni þeirra og nýtist þeim í vinnu með margbreytileika.
- Ábyrgð; Mannauðsdeild Kópavogsbæjar og menntasvið.
- Samstarfsaðilar; Mannauðsdeild og menntasvið.
- Tímarammi/staða; Að samræma áætlun um fræðslu með áherslu á það efni sem starfsfólki menntasviðs er skylt að taka reglulega eins og vinnu með margbreytileika.

Aðgerð 4

Fatlað fólk og ofbeldi

Leggja áherslu á stöðu fatlaðs fólks. Fræðsla verði í boði fyrir starfsstaði sem þjónustar fötluð börn og ungmenni eins og leik- og grunnskólar, frístund, félagsmiðstöðvar og sértæk frístundaþjónusta fyrir börn og ungmenni. Skoða einnig rafrænt fræðsluefni. Auka samráð við Réttindagæslumann fatlaðs fólks í Kópavogi.

- Markmið;
 - Að efla þekkingu starfsfólks á ofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir.
 - Að tryggja upplýsingaflæði á milli sviða og réttindagæslumanns.
- Ábyrgð; Mannauðsdeild, velferðarsvið og menntasvið. Velferðarsvið hefur samráð við réttindagæslumann.
- Tímarammi; Viðvarandi.

Aðgerð 5

Virkar eineltisáætlanir

Stjórnendur leik- og grunnskóla, frístunda og félagsmiðstöðva í Kópavogi, fylgja því eftir að unnið sé með fyrirbyggjandi hætti að því að koma í veg fyrir og uppræta einelti. Stjórnendur vinni eftir gátlista um eineltisáætlanir fyrir börn og ungmenni í skóla- og frístundastarfi.

- Markmið;
 - Að öllu starfsfólki sé ljóst hvernig vinna á að því að fyrirbyggja einelti.
- Ábyrgð; Menntasvið, Skólastjórar, forstöðumenn félagsmiðstöðva og frístunda.
- Tímarammi/staða; Viðvarandi.

Aðgerð 6

Söfnun tölfraðilegra upplýsinga og birting

Taka saman tölfraðiupplýsingar frá **ATVIK slysaskráningarkerfi** er snýr að slysi, ógn og áreiti og einelti og fjölda tilkynninga hjá lögreglu. Kynna með reglubundnum hætti til bæjarfulltrúa og stjórnenda á menntasviði Kópavogsbæjar.

- Markmið;
 - Að upplýsa þá sem vinna að öryggi og hagsmunum barna og ungmenna í sveitarfélaginu um þróun mála er snýr að ofbeldi í samfélaginu.
- Ábyrgð; Menntasviði, velferðarsvið og lögreglan.
- Tímarammi/staða; Uppfært 1-2x á ári, að hausti og vori.

Aðgerð 7

Ráðgjöf og fræðsla í skóla- og frístundastarfi

Verkefnastjóri snemmtæks stuðnings í samvinnu við deildarstjóra á menntasviði sinna fræðslu um tilkynningar til barnaverndar og þeim skyldum sem starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hefur. Ráðgjafar í barnavernd og sérfræðingar í skólaþjónustu á menntasviði geta veitt ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks ef á þarf að halda.

- Markmið;
 - Að starfsfólk leik- og grunnskóla, frístunda og félagsmiðstöðva sé vakandi fyrir mögulegu ofbeldi, þekki skyldur sínar og hvar það geti fengið ráðgjöf.
- Ábyrgð; Mennta- og velferðarsvið.
- Tímarammi/staða; Viðvarandi.

Aðgerð 8

Teymi í öllum grunnskólum, frístundum og félagsmiðstöðvum sem eru til stuðnings og ráðgjafar í tengslum við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni

Starfrækja teymi í hverjum grunnskóla sem hefur það hlutverk að tryggja viðeigandi kennslu í árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni. Teymið er öðrum kennurum, frístundaleiðbeinendum og starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Teymið tryggir einnig viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks. Teymið leitast við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks. Í þingsályktuninni er tilgreint hvernig teymið skal vera skipað. Teymið verði jafnframt tengiliður við skóla- og frístundadeild sem sér um að miðla þekkingu og fræðslu.

- Markmið;
 - Að viðeigandi kennsla fari fram í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.
- Ábyrgð; Skólastjórar grunnskóla, forstöðumenn félagsmiðstöðva og frístunda og grunnskóla- og frístundadeild.
- Samstarfsaðilar; Forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, velferðarsvið og mannauðsdeild.
- Tímarammi; 2022-2024.

Aðgerð 9

Námsefni um ofbeldi

Námsefni um ofbeldi Öruggr saman er námsefni fyrir 9. og 10. bekk sem er byggt á bandarísku gagnvirku námsefni sem var unnið út frá rannsóknum. Þessi aðferð er ein þeirra sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með til að draga úr ofbeldi í nánum samböndum. Um er að ræða kennslustundir sem fjalla um hvernig samskipti geta verið góð og uppbyggileg, fjalla um staðalmyndir, ofbeldi í samböndum og kynferðisofbeldi. Efnið var þýtt og staðfært fyrir íslenskar aðstæður af Landlæknisembættinu. Tryggja að námsefnið sé hluti af skólanámskrá grunnskólans og starfsáætlun félagsmiðstöðvar, og að gætt sé að því að námsefnið höfði líka til nemanda sem hafa íslensku sem annað móðurmál.

Sjúk ást er upplýsingaefni fyrir vef sem Stígamót hafa unnið um heilbrigð og óheilbrigð parasambönd, ofbeldi og jafnrétti og er að finna á www.sjukast.is

- Markmið;
 - Að draga úr ofbeldi í nánum samböndum meðal ungs fólks.
- Ábyrgð; Skólastjórar og forstöðumenn félagsmiðstöðva.
- Tímarammi/staða; viðvarandi.

Aðgerð 10

Samfélagslöggur

Samstarf og þátttaka í verkefninu Samfélagslöggur í samvinnu við stofnanir menntasviðs. Að stjórnendur stofnana menntasviðs hugi að því að veita lögreglu aðkomu að samstarfi, verkefnum og bjóði lögregluna velkomna í skólann/félagsmiðstöðina með markvissum hætti. Lögreglumenn frá lögreglustöð 3 kynni sig og sína starfsemi fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki skóla og frístunda. Lögreglan verði þannig aðgengilegri og sýnilegri nemendum og eykur með þeim hætti traust nemanda til lögreglu.

- Markmið;
 - Að auka sýnileika, tengsl og traust barna til lögreglunnar.
- Ábyrgð: Skólastjóri, forstöðumaður félagsmiðstöðvar og stöðvarstjóri á lögreglustöð 3.
- Samstarfsaðilar: Lögreglan, velferðarsvið, menntasvið, skólastjórnendur og forstöðumenn félagsmiðstöðva.
- Tímarammi: janúar til desember ár hvert.

Aðgerð 11

Félkó Flakkandi félagsmiðstöð, Hinsegin félagsmiðstöð og Velkomin

Að tryggja áframhaldandi fjármagn til reksturs Félkó, flakkandi félagsmiðstöðvar, Velkomin og Hinsegin félagsmiðstöðvar. Félkó flakkandi félagsmiðstöð nær til ungs fólks sem sækja ekki hefðbundin frístundaúrræði með því að flakka um Kópavog og sækja staði þar sem ungt fólk er gjarnan, byggja upp samband og kynna frístundastarf fyrir þeim. Hinsegin félagsmiðstöðin er starf sérstaklega ætlað hinsegin unglingum í Kópavogi, en starfsemin hefur mikið forvarnargildi. Velkomin miðar að því að auka þátttöku barna og unglinga sem hafa annað móðurmál en íslensku til íþrótt- og frístundstarfs og efla almennt samfélagslega þátttöku þeirra svo þau upplifi sig örugg og líði vel.

- Markmið;
 - Að öll ungmenni hafi tækifæri til að sækja viðeigandi frístundabjónustu í Kópavogi.
- Ábyrgð: Menntasvið og forstöðumenn félagsmiðstöðva og starfsfólk Molans Miðstöð unga fólksins.
- Tímarammi: Viðvarandi.

Aðgerð 12

Vitund barna og ungmenna í stafrænni tilveru

Efla vitund barna og ungmenna um ábyrga netnotkun og velferð sem fylgir stafrænum heimi. Stutt verði við starfsfólk leik- og grunnskóla, frístunda og félagsmiðstöðva með aðgengilegu námsefni, leiðbeiningum og fræðslu. Unnið verði að foreldrafræðslu um málefnið.

- Markmið;
 - Efla vitund um stafræna tilveru barna og ungmenna til að minnka áhættu á að þau stundi eða verði fyrir stafrænu ofbeldi.
- Ábyrgð; Menntasvið.
- Tímarammi/staða; Viðvarandi.

Aðgerð 13

Samskiptasáttmáli

Vinna samskiptasáttmála Kópavogsbæjar með starfsfólki Kópavogsbæjar með því að setja fram samskiptasáttmála þar sem tilgreint er á hverju samskipti innan vinnustaðarins grundvallast.

- Markmið;
 - Að bæta samskipti á vinnustað
- Ábyrgð; Mannauðsdeild og menntasvið.
- Samstarfsaðilar; Mannauðsdeild og starfsfólk bæjarskrifstofunnar (fulltrúi frá hverju sviði).
- Tímarammi; Drög að samskiptasáttamála liggi fyrir í lok árs 2024.

Aðgerð 14

Uppfæra reglulega ferla og leiðbeiningar ef grunur vaknar um ofbeldi í stofnunum menntasviðs

Uppfæra með reglubundnum hætti ferla og leiðbeiningar til starfsfólks vegna tilkynninga þegar grunur vaknar um ofbeldi í stofnunum menntasviðs.

- Markmið;
 - Að styðja við öryggi barna og ungmenna og efla þekkingu á afleiðingum ofbeldis.
- Ábyrgð; Mennta- og velferðarsvið.
- Tímarammi/staða; Endurskoðað annað hvert ár.

Aðgerð 15

Tala opinskátt um ofbeldi í öllum grunnskólum, frístund og félagsmiðstöðvum á menntasviði

Innleiða verkefnið Opinskátt um ofbeldi í grunnskóla Kópavogs. Verkefnið sem kemur frá Reykjavíkurborg snýst um að gera starfsfólk betur í stakk búið til að tala um ofbeldi og bregðast við ef það verður vart við að börn búi við ofbeldi. Verkefnið snýst einnig um það að gera börnum kleift að fjalla um ofbeldi. Hreinskiptin umræða um ofbeldi og afleiðingar þess sem sniðin er að þroska barna á leik- og grunnskólaaldri er skref í þá átt að draga tjöldin frá og rjúfa þögnina sem hefur umlukið ofbeldi.

- Ræða við börn um ofbeldi, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi
 - Tryggja að börn viti af hjálp, t.d. með veggspjöldum í öllum skólum
 - Vera með skýra verkferla sem snúa að tilkynningum til barnaverndar, hver tilkynnir og hver sér um samskipti við foreldra
 - Vera með fræðslu, sem verkefnastjóri snemmtæks stuðnings sér um, til kennara og annars starfsfólks skóla- og frístunda.
- Markmið;
 - Að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða um ofbeldi opinskátt og taka afstöðu gegn því.
 - Að efla þekkingu kennara og annars starfsfólks á ofbeldi og réttum viðbrögðum þegar grunur vaknar um ofbeldi.
 - Að samræma verklag í leik- og grunnskólum bæjarins.
 - Ábyrgð; Menntasvið.
 - Samstarfsaðili; Grunnskóla- og frístundadeild.
 - Tímarammi; 2025 – 2026.

Aðgerð 16

Fræðsla til starfsfólks leikskóla til stuðnings og ráðgjafar í tengslum við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni

Tryggja starfsfólki leikskóla fræðslu og ráðgjöf í tengslum við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi.

- Markmið;
 - Að starfsfólk leikskóla sé í stakk búið til að samþætta forvarnir í starfseminni og fræða með þeim hætti að hæfi þessu skólastigi.
- Ábyrgð; Leikskólar, leikskóladeild og forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Tímarammi; Viðvarandi.

Aðgerð 17

Greina starfsumhverfi starfsfólks með tilliti til áhættupátta

Greina starfsumhverfi starfsfólks með tilliti til áhættupátta. Meta áhættu á ofbeldi í starfi og greina mögulegar mótvægisaðgerðir. Sumt starfsfólk Kópavogsbæjar vinnur störf við erfiðar aðstæður og mikilvægt er að finna leiðir til að tryggja öryggi þeirra.

- Markmið;
 - Að efla öryggi á vinnustað.
- Ábyrgð: Mannauðsdeild og menntasvið.
- Tímarammi: Mat og tillögur liggi fyrir í lok árs 2024.